

## **Skipulagskrá Styrktarsjóðs Snorra Gíslasonar frá Papey.**

### **1. Grein**

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Snorra Gíslasonar frá Papey. Sjóðurinn eru stofnaður af systur Snorra, Gunnþóru Gísladóttur til minningar um bróður hennar.

Heimili og varnarþing sjóðsins er á Djúpavogi.

Sjóðurinn er í umsjá og vörslu Djúpavogshrepps.

### **2. Grein**

Tilgangur Styrktarsjóðs Snorra Gíslasonar frá Papey er að styrkja ungt fólk úr Djúpavogshreppi til náms.

Styrkir skulu veittir ungu fólki með búsetu í Djúpavogshreppi til náms á framhaldsskólastigi.

Sérstaklega skal horft til náms sem getur mögulega komið samfélaginu í Djúpavogshreppi til góða.

### **3. Grein**

Stofnframlag sjóðsins er 8.000.000,-kr. – átta milljónir króna - .

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

Vextir og arður af upphæð sjóðsins.

Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins.

Stjórn styrktarsjóðsins annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmest á hverjum tíma.

Heimilt er að veita einn styrk á ári að upphæð allt að 500.000 kr þar til sjóðurinn er tæmdur.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Djúpavogshrepps og þeir birtir með ársreikningi Djúpavogshrepps.

### **4. Grein**

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps skipar þriggja manna stjórn yfir sjóðnum og skipar hún jafnframt formann stjórnar sjóðsins.

Stjórnarstörf eru ólaunuð.

Hlutverk stjórnar er að gera tillögu til sveitarstjórnar um strykveitingar úr sjóðnum, hafa eftirlit með ráðstöfun styrkja, meðferð fjármuna og ávöxtunar sjóðsins. Stjórnin kemur saman að minnsta kosti árlega. Stjórnin setur sér nánari starfsreglur og skal stjórn endurskoða starfsreglurnar eftir þörfum. Sjóðsstjórn heldur formlega fundargerðarbók og afritum fundargerða skal skila til skrifstofu Djúpavogshrepps.

## 5. Grein

Sveitarstjóri tilkynnir úthlutun úr sjóðnum með formlegum hætti.

Minningu Snorra Gíslasonar frá Papey skal haldið á lofti þegar úthlutun fer fram.

Djúpavogi 01.01.19

---

Gauti Jóhannesson sveitarstjóri.

Staðfest af sveitarstjórn: